

Fundur í skólaráði þann 28.01. 2016.

Mættir eru: Heimir Jóhannsson fulltrúi foreldra, Sigríður Jóna Ingólfssdóttir fulltrúi foreldra, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Hulda Margrét Sveindóttir fulltrúi nemenda, Elísabeth Ása Heimisdóttir fulltrúi nemenda, Svava Svavarsdóttir ritari fulltrúi starfsmanna, Marías Benedikt Kristjánsson deildarstjóri, Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri og Ólög Inga Andrésdóttir skólastjóri.

1. 20.000. Hrósmiðahátíð verður í næstu viku, miðvikudaginn 3. febrúar þar sem öllum nemendum verður boðið í pizzu, sem að öllu jöfnu er ekki á boðstolnum í mótuneyti.

2. Umbótaáætlun vegna ytra mats. Farið yfir umbótaáætlun en nú í lok mánaðar þarf að skila til Menntamálaráðuneytisins hvernig staða er í umbótaáætlun vegna ytra mats. Tveir þættir snúa að skólaráði sem ekki var búið að uppfylla fyrir skólaárið; að fá fulltrúa foreldra í matsteymi og að hafa aðkomu þegar kemur að því að endurskoða skólareglur. Allars skólareglur eru í SMT reglutöflu en foreldrar eiga fulltrúa í SMT teymi sem hefur tækifæri til að koma þar að.

3. Farið SET lista mælingu sem mælir árangur í SMT skólafærni. Í nýjustu úttekt var árangur 100% en síðustu ár hefur skólinn alltaf náð betri og betri árangri.

4. Námsmat í 10. bekk. Nú í vor verða breytingar á námsmati í 10. bekk þar sem í fyrsta skipti í mörg ár eiga allir að útskrifa með bókstöfum. SAMFOK með stuðningi Heimilia og skóla og Samtaka hafa sent tilmæli til Menntamálaráðuneytisins þess efnis að fresta gildistöku nýs einkunnakerfis þar sem langt er liðið á veturinn og margir skólar hafa ekki kynnt nemendum og foreldrum hvernig tilhögun námsmats verður. Námsmatsmál hafa verið rædd á stigsfundum elsta stigs og sameiginlegur kynningarfundur er fyrirhugaður á Akureyri 1 febrúar nk. Nokkrar umræður eru um námsmatið og hvaða markmiðum þessar breytingar eiga að þjóna. Eins velta menn því fyrir sér hvernig kennarar eigi að vinna matið þannig að sanngjarnt sé, t.d. hafa talnakvarða á bakvið bókstafi þar sem hefðin er að gefa fyrir í tölum.

Fundi slitið kl. 16:07